



# Skotíþróttasamband Íslands

Icelandic Shooting Sports Federation

Íþróttamiðstöðinni í Laugardal

Engjavegi 6 - 104 Reykjavík - ICELAND

Kt: 470483-1139 Tel: +354 8931231/8984311

sti@sti.is www.sti.is

Alþingi

Nefnda- og greiningarsvið

150 Reykjavík

Mál nr. 946

Pingskjal 1478

153. Löggjafarþing

Dags.11.05.2023

## Umsögn um frumvarp vegna breytinga á vopnalögum, nr. 16/1998

Skotíþróttasamband Íslands fagnar nýju frumvarpi sem er löngu tímabært og erum við í stórum dráttum ánægð með þær breytingar sem lagðar eru fram en höfum athugasemdir við nokkur atriði sem að orka tvímælis.

1. Í 11.grein frumvarpsins er lagt til að í 13.grein laganna um D-flokk orðist svo: „Í D-flokk skotvopna falla íþróttaskambyssur og íþróttariffar.“
  - Lagt er til að bætt sé við : „sem ekki falla undir A-flokk skotvopna.“
  - Íþróttariffar eru af ýmsum gerðum og þykir okkur rétt að taka sérstaklega fram í lögnum að ekki sé um að ræða hefðbundna riffa til íþróttaskotfimi. Jafnframt mun þetta auðvelda ráðherra hvers tíma að bæta við byssum sem í framtíðinni gætu bæst í þennan flokk og hægt væri að leiðrétta með reglugerð.
2. Alvarlegar athugasemdir eru gerðar við 15. grein frumvarpsins en í breytingatillögunni er lagt til að 17. grein sé breytt, og í 2. málsgrein 17. greinar er að finna þetta atriði:
  - „Ráðherra skal sömuleiðis setja í reglugerð ákvæði um atriði sem félag þarf að uppfylla til að fá leyfi, ákvæði um skipun stjórnar og ábyrgð hennar og skilyrði fyrir setu í stjórn...“
  - Samkvæmt 1. mgr. 74. greinar stjórnarskrár Íslands nr. 33/1944 þurfa félög ekki að sækja um leyfi til þess. Það brýtur því gegn stjórnarskrárbundu félagafrelsi, að fest sé í lög að ráðherra geti sett í reglugerð ákvæði um skipun stjórnar, ábyrgð hennar og skilyrði fyrir setu í stjórn. Almennu eru skotfélög á Íslandi aðilar að ÍSÍ og UMFÍ og eru því íþróttafélög sem starfa eftir samþykktum félagasamtaka. Jafnframt eru félög skráð í fyrirtækjaskrá samkvæmt lögum um fyrirtækjaskrá nr. 17 frá 2003.
  - Stjórn er kosin á aðalfundi og ekki má setja skilyrði til stjórnarsetu eða ákvæði um skipun stjórnar af yfirvöldum umfram það sem kemur fram í samþykktum lögmætra félaga og kröfum ÍSÍ og UMFÍ, og lögum um fyrirtækjaskrá.
  - Ekkert kallar á það að í stjórn íþróttafélags eins og skotfélags þurfi að vera sömu aðilar og eru ábyrgðarmenn skotfélags eða skotstjórar og því er lagt til að þessi **málsgrein sem er skáletruð verði tekin út.** Ákvæði um ábyrgðarmenn og skotstjóra tæma þörf fyrir þetta ákvæði að auki.

3. Við gerum athugasemd við það ákvæði í 20.grein frumvarpsins en þar er lagt til í 23.grein laganna, 4.málgrein að:
- „*Skotvopn í eigu skotfélaga skulu að auki vera varðveitt í húsnæði sem er búið þjófavörn og vakt að af viðurkenndu öryggisfyrirtæki.*“
  - Þessi grein er mjög íþyngjandi fyrir mörg félög þar sem engin öryggisfyrirtæki eru til staðar í mörgum byggðarlögum og svæði jafnvel það afskekt að öryggisþjónustur hafa ekki kost á að komast þangað í tæka tíð. Við teljum rétt að skotfélög komi sér upp eftirlitsbúnaði af viðurkenndri gerð sem má bæði láta senda boð samtímis á öryggisþjónustur og eiganda kerfisins. Kerfið væri síðan háð samþykkis lögreglustjóra viðkomandi embættis um virkni þess. Flest þau kerfi sem boði eru í dag bjóða uppá að það geti haft samband við nokkur símanúmer og netföng í einu.
  - Við leggjum til að við greinina bætist : „ *Lögreglustjóra er þó heimilt að viðurkenna aðila sem stjórnir viðkomandi skotfélaga leggja til sem vöktunaraðila í stað öryggisfyrirtækja*“

Að lokum viljum við benda á að margir þættir laganna sem snúa að skotíþróttum verða ekki að fullu skýrir fyrir en með settum reglugerðum. Skotíþróttasamband óskar hér með eftir að fá aðkomu að því ferli í formi funda og umsagna.

Stjórn Skotíþróttasambands Íslands

